



## FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 25. september 2019 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8:00 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Halldór G. Ólafsson, Róbert Kristjánsson, Guðmundur Egill Erlendsson, Péturína L. Jakobsdóttir, Kristín B. Leifsdóttir og Alexandra Jóhannesdóttir, sveitarstjóri.

Halldór G. Ólafsson oddviti setti fundinn og stjórnaði honum. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

#### 1. Skýrsla skólastjóra

Sara Diljá Hjálmarsdóttir skólastjóri Höfðaskóla og Guðrún Elsa Helgadóttir, aðstoðarskólastjóri sátu fundinn undir fyrsta lið og reifuðu helstu atriði og áherslur í skólastarfi komandi starfsárs. Rætt var um nemendafjölda og starfsmannahald en nokkur nýliðun hefur verið í starfsmannahópnum. Rætt var um kennslufyrirkomulag, stefnur og langtímamarkmið skólans sem og aðbúnað m.a. vegna frístundar. Þá var einnig kynnt dagskrá vegna afmælis Höfðaskóla en í ár eru 80 ár síðan hann var stofnaður. Skýrsla skólastjóra var flutt munnlega og til kynningar.

#### 2. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri greindi frá stöðu framkvæmda og almennum störfum. Fram kom að framkvæmdir við Fellsborg hafi verið umfangsmeiri en áætlað var í fyrstu og umfang verks sem og slæmt tíðarfar í sumar hefur gert það að verkum að ekki verður hægt að klára framkvæmdir utanhúss á árinu. Annað hafi gengið nokkuð samkvæmt áætlun en uppsetning og frágangur smábátahafnar er langt á veg kominn þó að malbikunarvinna verði ekki kláruð fyrr en á næsta ári þegar uppfylling og íbórið efni hefur tekið sig. Það sem stendur eftir er að setja aðgangsstýringu á hlið og öryggismyndavélar sem og innsiglingarljós og almenna lýsingu á garðinn. Lokaúttekt á bryggjum er áætluð í byrjun næstu viku.



Sveitarstjórn Skagastrandar  
Fundargerðir

### 3. Samningur við Golfklúbb Skagastrandar

Fyrir fundinum lágu drög að samningi við Golfklúbb Skagastrandar annars vegar vegna kaupa á landi og fasteignum golfklúbbsins að Háagerði og hins vegar rekstrarsamningur við golfklúbbinn um rekstur golfvallar og uppbyggingu á félagsstarfi. Málið var áður til umfjöllunar á fundum sveitarstjórnar 8. mars og 15. apríl 2019. Sveitarstjóri kynnti forsendur samnings sem ræddar voru af sveitarstjórn. Samningur var samþykktur með þremur greiddum atkvæðum. Minnihluti sveitarstjórnar óskaði þess að eftirfarandi yrði bókað:

*„Heimildir sveitarstjórna til ráðstöfunar á almannafé er háð ákveðnum leikreglum. Fyrst ber að nefna VII. kafla Sveitarstjórnarlaga nr. 138/2001 og þá sérstaklega 65. gr. þeirra, en þar eru sveitarstjórnnum gerð sú skylda að gæta ábyrgðar við meðferð fjármuna sveitarfélagsins. Sérstaklega er tekið fram að sveitarfélögum sé heimilt að taka þátt í verkefnum í ljósi brýnna samfélagslegra hagsmuna en þó einvörðungu þannig að áhætta vegna þeirrar þátttöku gangi ekki gegn ábyrgri meðferð fjármuna. Þá er rétt að vísa til þess að 5. gr. siðareglna kjörinna fulltrúa í Sveitarfélaginu Skagaströnd leggur þær skyldur einnig á herðar okkar að virða fjárhagsáætlanir og grundvallarreglur fjármálastjórnunar til að tryggja réttmæta og ábyrga meðferð á almannafé. Minnihluti telur að með samningi við Golfklúbb Skagastrandar sé verið að stunda afar óábyrga fjármálastjórnun. Með því að samþykkja samning sem lagður er fram að frumkvæði GS er verið að skuldbinda sveitarfélagið um ríflega tvo tugi milljóna á næstu 5 árum og svo ótímabundin framlög sem samningnum fylgja sem nema allnokkrum fjárhæðum. Hér er ekki um að ræða heildræna samfélagslega hagsmuni né þá brýna. Verður afstaða minnihluta einnig áréttuð hér að öllum styrkbeiðnum til sveitarstjórnar beri að vísa til fjárhagsáætlunarvinnu hér eftir. Það er í reynd ótækt að einstaklingar, fyrirtæki og/eða félagasamtök geti beint hvenær sem er á rekstrarári beiðnum um styrki til sveitarstjórnar eða starfandi nefnda á vegum sveitarfélagsins.“*

### 4. Viðauki við fjárhagsáætlun 2019

Fyrir fundinum lá tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2019. Viðaukum sem lágu fyrir fundinum var stillt upp í samræmi við reglugerð nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga. Tillaga um viðauka var vegna eftirfarandi



mála:

Viðauki vegna rekstrar			
	Málaflokkar	Deildir	Upphæð þús.
02	Félagsþjónusta	Húsaleigubætur/Félagsl. aðst.	-775
04	Fræðslu- og uppeldismál	Leikskóli/Dreifnám	-5.200
05	Menningarmál	Bókasafn	350
06	Æskulýðs- og íþróttamál	Vinnuskóli/Íþr.miðst/Tómst.m.nefnd	-2.195
13	Atvinnumál	Átaksverkefni/Atvinnumál/Ferðamál/Atv.m.nefnd	-5.340
21	Sameiginlegur kostnaður	Skrifstofa/Heimasíða	10.860
31	Eignasjóður	Grunnskóli/Leikskóli /Íþr.miðst/Gatnakerfi/Aðr.eignir	7.754
33	Þjónustumiðstöð	Bifreiðar	595
41	Hafnarsjóður	Hafnarmannvirki/Inns.ljós	531
43	Vatnsveita	Stofnæðar/Vatnsmiðlun	18
57	Félagslegt íbúðarhúsnæði	Húsaleiga	-1.871
61	Fráveita	Viðhald	-383
71	Félagsheimili	Fellsborg	42
Samtals viðauki vegna rekstrar :			4.386
Viðauki vegna fjárfestinga			
	Málaflokkar	Deildir	Upphæð þús.
32	Eignasjóður	Land/lóðir kaup á Háagerði	18.000
Samtals viðauki vegna fjárfestinga :			18.000
Breyting á viðauka við fjárhagsáætlun er mætt með :			
	Lækkun á handbæru fé:		-13.344
	Lækkun eigna v. afskrifta		-9.042

Sveitarstjórn samþykkti viðaukana.

## 5. Málefni fatlaðs fólks á Norðurlandi vestra

Fyrir fundinum lá ársyfirlit vegna þjónustu við fatlað fólk á Norðurlandi vestra 2018 sem og rekstraryfirlit og yfirlit yfir framlög til málaflokksins frá jöfnunarsjóði vegna ársins 2019 og áætluð framlög vegna ársins 2020. Sveitarstjórn ræddi fyrirbyggjandi gögn í ljósi þeirrar breyttu stöðu að ekki er vilji hjá Sveitarfélaginu Skagafirði og Húnaþingi vestra til þess að halda áfram því samstarfi sem hefur verið um rekstur málaflokksins síðustu ár. Málið var til kynningar.

## 6. Leiguhúsnæði á Skagaströnd

Fyrir fundinum lá yfirlit yfir leiguverð íbúða og atvinnuhúsnæðis í eigu sveitarfélagsins þar sem fram kemur leiguverð á fermetra og samanburður á milli eigna. Umræða varð um leiguverð og hvort að endurskoða þurfi upphæð leigu og samþykkt var að hækka leigu á





Sveitarstjórn Skagastrandar  
Fundargerðir

íbúðar- og atvinnuhúsnæði um 10% frá 1. nóvember að telja eða að afloknum uppsagnarfrestum leigusamninga. Þá var samþykkt 10% hækkun til viðbótar sem kemur til framkvæmda 1. nóvember 2020. Sveitarstjórn samþykkti jafnframt að bjóða leigjendum íbúðahúsnæðis viðkomandi eignir til kaups.

#### 7. Ársreikningur Hólaness ehf.

Fyrir fundinum lá ársreikningur Hólaness ehf. þar sem fram kemur að tap ársins nam 5,3 milljónum vegna rekstrarársins 2018 og heildareignir og eigið fé í árslok námu 18,7 milljónum. Ársreikningur var lagður fram til kynningar.

#### 8. Ársreikningur Hrafnaness ehf.

Ársreikningur var lagður fram til kynningar.

#### 9. Umhverfisviðurkenning

Sveitarstjórn fór yfir innsendar tilnefningar til umhverfisviðurkenningar Skagastrandar 2019 sem voru mjög fjölbreyttar og skemmtilegar. Viðurkenningin er veitt þeim aðilum sem þótt hafa verið til fyrirmyndar við fegrun í sínu nærumhverfi og stefnt að því að gera viðurkenninguna árlega. Sveitarstjórn samþykkti einróma að veita Ágústi Jónssyni og Kristínu Björnsdóttur að Bankastræti 6 viðurkenningu að þessu sinni en umhirða lóðar og húsnæðis er til fyrirmyndar.

#### 10. Bréf

##### a) Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis dags. 27.08.2019

Með bréfinu þakkar ráðuneytið fyrir það óeigingjarna starf sem unnið var í tengslum við árlegan minningardag Sameinuðu þjóðanna um þá sem látist hafa í umferðaslyslum. Þá var óskað eftir framhaldi á því ánægjulega samstarfi sem hefur verið vegna þess en áætlað er að minningardagurinn vegna 2019 verði haldinn þann 17. nóvember nk. Bréfið var til kynningar.

##### b) Umhverfis og auðlindaráðuneytis dags. 30.08.2019

Með bréfinu er staðfest undirritun Umhverfis- og auðlindaráðuneytis við Sveitarfélagið Skagaströnd um rekstur Náttúrustofu Norðvesturlands og



Sveitarstjórn Skagastrandar  
Fundargerðir

undirritaður samningur sendur þess efnis. Aðrir aðilar að samningnum eru Sveitarfélagið Skagafjörður, Húnaþing vestra og Akrahreppur. Bréfið var til kynningar.

**c) Samtaka grænkera á Íslandi dags. 20.08.2019**

Með bréfinu skora Samtök grænkera á Íslandi á umhverfisráðherra, ríkisstjórnir og sveitarfélög Íslands til þess að grípa til aðgerða í loftslagsmálum. Bréfið var til kynningar.

**d) Markaðsstofu Norðurlands dags. 30.08.2019**

Með bréfinu eru kynntar athugasemdir Markaðsstofu Norðurlands vestra við Grænbók – drög að flugstefnu fyrir Íslands. Bréfið var til kynningar.

**e) Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis dags. 3 september 2019**

Með bréfinu óskar ráðuneytið eftir upplýsingum í tengslum við gerð skýrslu um samkeppnisrekstur opinberra aðila. Sveitarstjórn fól sveitarstjóra að verða við beiðninni.

**f) Lauru ehf. dags. 04.09.2019**

Með bréfinu óskar Lárus Ægir Guðmundsson f.h. Lauru ehf. eftir upplýsingum um það hvort að réttar forsendur hafi legið fyrir úthlutun lóðar til félagsins að Einbúastíg 8 þar sem svæðið hafi ekki farið í gegnum skipulagsferli né hlotið staðfestingu skipulagsyfirvalda. Sveitastjórn fól sveitarstjóra að svara erindinu.

**g) Farskóla miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra dags. 06.09.2019**

Með bréfinu eru lögð fram drög að samningi milli Sveitarfélagsins Skagastrandar og Farskólans – miðstöðvar símenntunar á Norðurlandi vestra og óskað eftir áframhaldandi rekstrarstyrk. Sveitarstjóra var falið að undirrita samning og var styrkbeiðni vísað til fjárhagsáætlunar 2020.



Sveitarstjórn Skagastrandar  
Fundargerðir

**h) Tónlistarskóla Akureyrar dags. 12.08.2019**

Fyrir fundinum lá beiðni um þáttöku sveitarfélagsins í kennslukostnaði við nám í hljóðfæraleik við Tónlistarskóla Akureyrar. Sveitarstjórn samþykkti umrætt erindi.

**i) Guðmundar Egils Erlendssonar dags. 19.09.2019**

Fyrir fundinum lá beiðni um þáttöku sveitarfélagsins í kennslukostnaði við nám í hljóðfæraleik við Tónlistarskóla Hafnarfjarðar. Guðmundur Egill lýsti yfir vanhæfi og vék af fundi. Sveitarstjórn samþykkti umrætt erindi.

**j) Sveitarfélagsins Skagafjarðar dags. 09.09.2019**

Fyrir fundinum lá tölvubréf Margeirs Friðrikssonar sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar þar sem tilkynnt er um eftirfarandi bókun sem gerð var á 879. fundi byggðarráðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar:

*„1906059 - Málefni fatlaðs fólks á Norðurlandi vestra frá 1. janúar 2020 Samningur um málefni fatlaðs fólks á Norðurlandi vestra gildir til 31. desember 2019 og er í samningnum kveðið á um að aðildarsveitarfélögin skulu ákveða sameiginlega fyrir 1. nóvember 2019 hvort samningurinn verði endurnýjaður. Málið áður á dagskrá 876. og 878. fundar byggðarráðs. Byggðarráð Sveitarfélagsins Skagafjarðar harmar að 20 ára samstarf sveitarfélaga á Norðurlandi vestra í málefnum fatlaðs fólks sé á enda runnið með brotthvarfi Húnaþings vestra frá núverandi samstarfi frá og með næstu áramótum.*

*Í ljósi nýrrar stöðu telur byggðarráð farsælast að Sveitarfélagið Skagafjörður sinni málefnum fatlaðs fólks eingöngu innan sinna sveitarfélagamarka þegar gildandi samningur rennur út. Þó er byggðarráð reiðubúið til að gera viðauka við nýgerðan samning við Akrahrepp um að veita þjónustu í málaflokknum til íbúa hreppsins ef vilji þaðan stendur til þess.“*

Erindið var til kynningar.





Sveitarstjórn Skagastrandar  
Fundargerðir

**k) Blönduósbæjar dags. 12.09.2019**

Fyrir fundinum lá bréf Valdimars O. Hermannssonar sveitarstjóra Blönduósbæjar þar sem tilkynnt er um eftirfarandi bókun í tengslum við ofangreinda bókun byggðaráðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar varðandi málefni fatlaðs fólks á Norðurlandi vestra:

*„Byggðaráð Blönduósbæjar harmar bókun byggðaráðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar, frá 9. september sl., um að enda það samstarf sem verið hefur í 20 ár á Norðurlandi vestra um málefni fatlaðs fólks, sérstaklega þar sem Sveitarfélagið Skagafjörður hefur í því samstarfi á síðustu árum verið svokallað „Leiðandi sveitarfélag“ og því hefur stór hluti fagþekkingar og þjónustu verið byggður upp í Skagafirði. Þá lýsir byggðaráð furðu sinni á því að ekki hafi verið látið reyna á nýjan samning, á svipuðum forsendum og verið hefur. Blönduósbær mun leita leiðbeininga og álits Félagsmálaráðuneytisins, vegna faglegrar umgjarðar á þjónustu við fatlað fólk á svæðinu og einnig til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um fjárhagslegar forsendur málsins.“*

Sveitarstjórn tekur undir bókun byggðaráðs Blönduósbæjar.

**l) Ólafs Jónssonar dags. 16.09.2019**

Með bréfinu biðlar Ólafur Jónsson til sveitarstjórna og sambanda sveitarfélaga á Norðurlandi um að sameinast um að koma á laggirnar verkefnahóp sem myndi skoða möguleika á tvennum jarðgöngum undir Tröllaskaga sem færu úr Hörgárdal yfir í Skíðadal og þaðan vestur í Kolbeinsdal í Skagafirði. Bréfið var til kynningar.

**m) Nes Listamiðstöðvar dags. 19. september 2019**

Með bréfinu óskar Magnús B. Jónsson f.h. Nes Listamiðstöðvar eftir 500.000 kr. styrk frá sveitarfélaginu vegna umtalsverðs aukins kostnaðar við breytingar og endurbætur á íbúð sem keypt var að Fellsbraut 2. Umræddur kostnaður lá ekki fyrir við kaup á íbúðinni. Sveitarstjórn ræddi erindið og samþykkti að styrkja Nes Listamiðstöð um 500.000 kr.



Sveitarstjórn Skagastrandar  
Fundargerðir

**n) Íþróttasambands lögreglumanna dags. 20.09.2019**

Með bréfinu óskar Íþróttasamband lögreglumanna eftir styrk til þess að útbúa bækling fyrir umferðarfræðslu fyrir yngstu nemendur í grunnskólum landsins. Sveitarstjórn samþykkti að styrkja við útgáfuna með kaupum á lógómerki.

**o) Jafnréttisráðs dags. 02.09.2019**

Með bréfinu óskar jafnréttisráð eftir tilnefningum til jafnréttisviðurkenningar 2019. Bréfið var til kynningar.

**11. Fundargerðir**

**a) Siglingaráðs dags. 7. mars 2019**

Fundargerð var til kynningar.

**b) Siglingaráðs dags. 10. apríl 2019**

Fundargerð var til kynningar.

**c) Siglingaráðs dags. 23. maí 2019.**

Fundargerð var til kynningar.

**d) Þjónusturáðs við fatlað fólk á Nv. dags. 20. ágúst 2019**

Fundargerð var til kynningar.

**e) Þjónusturáðs við fatlað fólk á Nv. dags. 10. september 2019**

Í fundargerð er m.a. lagt til við sveitarstjórnir þeirra sveitarfélaga sem standa að þjónusturáðinu að skipa starfshóp með fulltrúum allra sveitarfélaga til að vinna að yfirfærslu verkefna og þjónustu í tengslum við slit á samstarfi um málaflokkinn. Sveitarstjórn tilnefnir Alexöndru Jóhannesdóttur sveitarstjóra og framkvæmdastjóra félags- og skólaþjónustu A-Hún, Péturínu Laufey Jakobsdóttur varaoddvita og nefndarmann í þjónusturáðinu sem og Ásdísi Ýr Arnardóttur félagsmálastjóra A-Hún.





**f) Samstarfsnefndar Fiskistofu og Hafnasambands Íslands dags. 10. maí  
2019**

Fundargerð var til kynningar.

**g) Stjórnar Hafnasambands Íslands dags. 28. ágúst 2019**

Fundargerð var til kynningar.

**h) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 30. ágúst 2019**

Fundargerð var til kynningar.

## 12. Önnur mál

Umræður sköpuðust um fyrirhugaðar lögbvingaðar sameiningar sveitarfélaga. Sveitarstjórn samþykkti eftirfarandi bókun:

*“Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar hvetur Alþingi til þess að virða sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga og íbúa landsins og hafna með öllu tillögum um lögbvingaðar sameiningar sveitarfélaga. Á nýafstöðnu aukalandsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga beittu stærri sveitarfélög aflsmunum með fjölda þingfulltrúa til þess að samþykkja lögbvingaðar sameiningar. Ljóst er að 1000 íbúa lágmark sem gert er að viðmiði í þingsályktunartillögu um málefni sveitarfélaga var einungis valið til þess að tryggja tillögunni brautargengi þar sem hún snerti nægjanlega fáa með beinum hætti. Samþykkt þingsins var síðan blygðunarlaust kynnt sem vilji sveitarstjórnarstigsins í heild þó hún gangi þvert gegn vilja mikils meirihluta þeirra sveitarfélaga sem lögbvingunin ætti að ná til. Enginn hagfræðingur, viðskiptafræðingur eða fjármálaverkfræðingur er þess umkominn að skera úr um hver sé hagkvæmasta stærð sveitarfélaga. Íbúarnir eiga að ráða.*


*Sveitarstjórn fordæmir jafnframt vinnubrögð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga í þessu máli. Sambandið á að vera málsvari sveitarfélaga skv. 2. grein samþykktu þess. Stjórn sambandsins hefur farið þvert gegn vilja og hagsmunum fjölmargra minni sveitarfélaga, hunsað þeirra sjónarmið og röksemdafærslu í aðdraganda tillögunnar og er að óbreyttu ekki lengur hægt að líta á hana sem málsvara allra sveitarfélaga.”*



Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:30

  
Halldór G. Ólafsson

  
Róbert Kristjánsson

  
Kristín B. Leifsdóttir

  
Péturína L. Jakobsdóttir

  
Guðmundur Egill Erlendsson

  
Alexandra Jóhannesdóttir